

2. tbl.  
9. árg.

Mái  
2019



# SAMEYKI

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAPJÓNUSTU





**SAMEYKI**

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAPJÓNUSTU

### Ábyrgðarmenn

Árni Stefán Jónsson, formaður  
Garðar Hilmarsson, varaformaður

### Umsjón með útgáfu

Sólveig Jónasdóttir

### Prófarkalestur

Stefanía Helga Skúladóttir

### Umbrot og prentun

Guðjón Ó – vistvæna prentsmiðjan



### Sameyki stéttarfélag í almannapjónustu

Grettisgata 89  
105 Reykjavík  
Símar: 525 8340, 525 8330  
Netfang: sameyki@sameyki.is  
www.sameyki.is

ISSN: 1670-881



## Leiðari

Það kemur væntanlega ekkert á óvart að leiðarinn skuli að þessu sinni fjalla að mestu um kjaramál. Fyrsta skrefið við gerð kjarasamninga fyrir vinnumarkaðinn var tekið á almenna markaðinum. Það voru félög Starfsgreinasambandsins og verslunarmenn sem gerðu þann samning og nær hann einungis til hluta vinnumarkaðarins. Það sem vekur athygli er að fjöldi félaga innan ASÍ eru ekki þar á meðal eins og t.d. iðnaðarmenn. Þó svo að nú sé nokkur tími liðinn frá gerð samninganna þá hafa iðnaðarmenn ekki enn þá skrifað undir samninga. Það virðist vera sem þeir leggja áherslu á aðra hluti heldur en þá sem eru í hinum svokallaða lífskjarasamningi. Ef ráða ætti í þau ummæli sem þeir hafa sett fram þá tala þeir um að samningurinn verði að skila kaupmáttaraukningu. Hvað þýðir það? Jú, þær krónutöluhækkningar sem verkalýðsfélögin sömdu um eru í reynd það lágar að þegar krónutalan er sett á laun fyrir ofan miðju þá er hækkunin það lítil að hún dekkar ekki spár um verðbólgu. Það þýðir kaupmáttarrýrnun.

Við stöndum frammi fyrir svipaðri stöðu og iðnaðarmenn. Innan Sameykis er mikil tekjudreifing og þó nokkuð bil á milli hópa. Svo að þótt félagsmenn okkar hafi almennt tekið undir krónutöluhækkunar aðferðina þá var gengið út frá því sem vísu að allir væru að fá kaupmáttaraukningu. Hins vegar er vert að taka það skýrt fram að margt í þessum samningum er góður áfangi til að bæta laun hjá lægst launaða hópnum, ekki síst þegar teknar eru með þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur sett fram og lofað að koma í framkvæmd. Þar ber að nefna breytingu á skattakerfinu með þriggja þrepa fyrirkomulagi sem leiðir til lækkunar skatta og þá mest hjá þeim lægst launuðu. Lenging og breyting á fæðingarorlofinu og þá ekki síst veigamiklar aðgerðir í húsnæðismálum. Þar ber sérstaklega að fagna auknum framlögum til óhagnaðardrífinna íbúðarfélaga eins og Bjargs og aðgerðir gagnvart fyrstu kaupendum. Það verður verulega spennandi að sjá útfærslurnar á þeim aðgerðum.

Varðandi aðra hluti í kjarasamningnum þá er verulega jákvætt að laun verði tengd framleiðniaukningu og launaþróunartryggingu. Hins vegar er aðferðarfræðin við styttingu vinnuvikunnar ákveðin vonbrigði. Opinberir starfsmenn geta ekki unað við þá aðferðarfræði. Við gerum kröfu um styttingu vinnuvikunnar án þess að selja kaffítímana á móti.

Það er einnig beðið með eftirvæntingu eftir því með hvaða hætti jöfnun launa á milli markaða verði raungerð og hvaða vörður eða áfanga verði að yfirstíga á leiðinni þar til jöfnun hefur verið náð.

Sameyki er nýtt félag og hér á bæ er allt á fullu við gerð kjarasamninga og um leið er verið að bræða saman tvö félög sem bæði eiga langa sögu. Nafnið er komið, merkið er komið og ný heimasíða er í burðarliðnum og mun vonandi verða tilbúin í júní. Jafnframt er verið að steypa saman félagaskránum og fara yfir réttindi félagsmanna með það að leiðarljósi að enginn muni tapa og tekið verði það besta frá báðum félögum.

Stofnaðar hafa verið háskóladeild og lífeyrisdeild og er það trú okkar að þær sterku deildir muni verða til gæfu og styrktar félaginu.

## Efni blaðsins

- 2 Leiðari
- 4 Kjaramál
- 6 Umhverfis- og auðlindaráðherra
- 7 Ögmundur Jónasson
- 12 Trúnaðarmenn
- 14 Örnefni
- 16 Fræðslusetrið Starfsmennt
- 17 RÚV
- 18 Páskabingó
- 18 Ingrid Kuhlman
- 22 Sameyki
- 24 Lífeyrisdeild
- 26 Gátur

# FRAMVEGIS

● ● ● ● Miðstöð símenntunar

Markmið Framvegis er að veita fólki á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

## Fræðsla

Framvegis býður upp á fjölbreytt úrval spennandi námskeiða fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar, fyrir atvinnulífið, námskeið á vegum Vinnumálastofnunar, stéttarfélag o.s.frv. Til dæmis sér Framvegis um Gott að vita, fræðslu og námskeið fyrir félagsmenn Sameykis þeim að kostnaðarlausu.

## Fyrirtækjaráðgjöf

Framvegis býður upp á tvennskonar fyrirtækjaráðgjöf. Annars vegar Markvisráðgjöf þar sem greindar eru fræðsluþarfir og hæfni starfsmanna og stuðlað að eflingu og þróun mannauðs. Hins vegar Fræðslustjóri að láni sem fólgið er í því að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja og stofnana.

## Náms- og starfsráðgjöf

Framvegis býður upp á náms- og starfsráðgjöf fyrir einstakling 18 ára og eldri sem ekki hafa lokið framhaldsskóla.

## Raunfærnimat

Framvegis hefur umsjón með raunfærnimati á mótum námskrá Tölvubrautar Upplýsingatækniskólans.

## Þróunarverkefni

Framvegis leggur mikla áherslu á nýsköpun og þróun nýrra verkefna og sækir árlega um styrki til þess að efla þróun og vöxt miðstöðvarinnar og koma til móts við þarfir avinnulífsins.





# Kjaramál

## Kjarasamningsviðræður

Kjaraviðræður standa nú yfir en Sameyki á ólokið samningum við 18 viðsemjendur. Þeirra stærstir eru ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga auk Isavia. Auk þess losnuðu samningar við Félagsbústaði, SFV, Innheimtustofnun sveitarfélaga, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Félagsbústaði, Faxaflóahafnir, Strætó, Styrktarfélagið Ás, Ríkisútvarpið, SÁÁ, Skálatún, Vinakoti og Klettabæ í lok mars, en auk þess er enn ólokið að semja við Rarik, Orkuveituna og Fríhöfnina en þeir samningar hafa verið lausir frá áramótum.

Nokkrir samningafundir hafa verið haldnir og í viðræðunum hefur verið farið yfir öll helstu mál. Unnið er samkvæmt viðræðuáætlun samningsaðila sem undirritaðar voru í upphafi viðræðnanna. Þessa dagana er verið að meta stöðuna í viðræðunum og framhaldið ákveðið í samræmi við hana. Búast má við því að aukinn kraftur verði settur í viðræðurnar nú enda er stefnt á að ljúka þeim fyrir sumarið.

Kröfur Sameykis snúa helst að jöfnun launa milli markaða auk styttingu vinnuvikunnar. Því er áhugavert að rýna aðeins í nýundirritaðan kjarasamning milli SA og hluta almenna

vinnumarkaðarins og lífskjarasamninginn sem ríkisstjórnin lagði þar á borðið.

## Lífskjarasamningur fyrir alla?

Stór hluti almenna markaðarins hefur nú undirritað tæplega fjögurra ára kjarasamning sem felur í sér árlegar krónutöluhækkanir sem eiga að koma sér best fyrir þá sem lægstu launin hafa. Auk þess hefur ríkisstjórnin lagt á borðið svokallaðan Lífskjarasamning sem á að auðvelda samninga við vinnumarkaðinn og gerði það sannarlega í tilfelli almenna markaðarins.

Samningurinn nær til félaga innan Starfsgreinasambandsins, VR, LÍV og Samtaka atvinnulífsins (SA). Þá hefur Samband íslenskra sveitarfélaga einnig skrifað undir yfirlýsingu vegna Lífskjarasamningsins. Í Lífskjarasamningnum felst samkvæmt kynningu ríkisstjórnarinnar; loforð um lækkingu skatta og breytingar sem leiða ættu til lækkingar vaxta sem nýtist heimilunum og fyrirtækjum. Breytingar á skattþrepum og lítillæg hækkun barnabóta er einnig hluti þessa samnings sem ríkisstjórnin leggur fram en þær hugmyndir stjórnarinnar voru kynntar fyrir á árinu.

Í samningunum segir einnig að á árunum 2020-2023 eigi að koma til framkvæmda launaauki að gefinni ákveðinni þróun á vergri landsframleiðslu á hvern íbúa. Tenging við hagvöxt (hagvaxtarauki) tryggir launafólki hlutdeild í verðmætasköpuninni, þ.e. þegar landsframleiðsla á mann eykst umfram tiltekin mörk. Þetta ákvæði nýtist best þeim tekjulægri þar sem þessi hækkan fer af fullum þunga á taxtakaup og  $\frac{3}{4}$  á önnur laun. Hagvaxtarauki getur hækkað taxtalaun um 3-13 þúsund krónur á ári eftir því hvað verg landsframleiðsla á mann hækkar mikið á tímabilinu.

### Launaþróunartrygging og jöfnun launa milli markaða

BSRB náði launaþróunartryggingu inn í kjarasamninga 2015 eftir langa baráttu og hefur það fyrirkomulag gengið vel. Opinberir starfsmenn fagna því að slík trygging sé einnig komin inn í kjarasamninga á almennum markaði. Í henni felst að á árunum 2020-2022 reiknast ár hvert kauptaxtaauki vegna launaþróunar, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Hún verður greidd út árlega og miðast við breytingar milli desembermánaða ár hvert. Þetta eru atriði sem við höfum barist lengi fyrir og jákvætt að sjá það orðið að veruleika í samningnum á almennum markaði. Enda mun það hjálpa okkur í umræðunni um jöfnun launa á milli markaða. Laun á opinberum markaði eru enn lægri en laun á almennum markaði og með breytingum og jöfnun lífeyrisréttinda er krafan um jöfn laun okkar helsta krafa.

Forsendur kjarasamninganna á almennum markaði eru þær að kaupmáttur launa hafi aukist á samningstímabilinu skv. launavísitölu Hagstofu Íslands og að vextir lækki verulega fram að endurskoðun samnings í september 2020 og haldist lágir út samningstímann. Þá lofa stjórnvöld að standa við gefin fyrirheit skv. yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninganna. Forsendur kjarasamninga verða metnar í september 2020 og september 2021 af nefnd skipaðri fulltrúum beggja aðila.

### Stytting vinnuvikunnar

Árni Stefán Jónsson formaður Sameykis hefur sagt að félagið muni ekki kvitta upp á lífskjarasamningana án breytinga. Þó að margt í samningunum á almenna markaðinum sé ágætt þá eru þar atriði sem Sameyki og afgangurinn af opinbera markaðinum muni líklega ekki samþykkja. Útfærslan á styttingu vinnuvikunnar þykir fremur óljós og hún gengur til dæmis mun skemur en kröfur opinbera markaðarins. Áherslur BSRB hafa undanfarin ár verið á styttingu vinnuvikunnar og er sú krafa framarlega nú. Útfærslan í þeim samningnum sem nú hafa verið gerðir á almenna markaðinum mun þó aldrei hugnast Sameyki. Félagið mun aldrei fallast á þá útfærslu á styttingu vinnuvikunnar að starfsfólk borgi fyrir hana sjálft með kaffitímum sínum.

*Myndirnar eru frá fundi samninganefnda á dögumum.*



# Raunsær bjartsýnismaður í vinnu við að bjarga heiminum

Ragnheiður Júlía Ragnarsdóttir ræðir við Guðmund Inga Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra.



Það vakti athygli og þótti til marks um breytta tíma í umhverfismálum þegar Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar var valinn til að gegna starfi umhverfis- og auðlindaráðherra en hann er eini utanþingsráðherrann í núverandi ríkisstjórn. Valið þótti djarft því Guðmundur kom beint inn úr baráttunni ef svo má segja og engum blandaðist hugur um að þar færi einlægur hugsjónamaður.

„Ég vann í sex ár sem framkvæmdastjóri Landverndar og áður við rannsóknir í akademísku umhverfi þannig að ég er í rauninni búinn að snerta á mörgum hliðum umhverfisverndar, bæði fræðilegu hliðinni og svo einnig aktívismannum,“ segir hann aðspurður um viðbrigðin við að skipta um starfsvettvang. „Og núna er ég kominn í þá stöðu að vera sá sem þarf að koma málum áfram.“

## Skemmtilegur en krefjandi tími

„Þetta er mjög áhugavert starf, fjölbreytt þar sem þú ert bæði að vinna í stjórnáslunni og stýra þeim armi framkvæmdavaldsins sem lýtur þínum málaflökki og vinna í þinginu sem setur lögina. Ég er ekki þingmaður en ég flyt mál á þingi og tek heilmikinn þátt í starfi þingsins, í umræðum og öðru slíku. Þetta er málaflökkur sem ég brenn fyrir og þetta er búið að vera skemmtileg og krefjandi vegferð en hún hefur orðið mjög gefandi eftir því sem árangurinn kemur í ljós.“

Hvað er það mikilvægasta sem þú hefur áorkað í embættinu?

„Það mikilvægasta sem ég hef áorkað hingað til er að koma út fyrstu fjármöggnuðu loftslagsáætlun stjórnvalda í fyrrahaust ásamt fleiri ráðherrum. Ef ég á að nefna eitthvað eitt.“

## Viljum sýna gott fordæmi

Er Ísland að taka nógu róttæka afstöðu í loftslagsmálum miðað við hvað vandinn er alvarlegur?

„Ég vil meina að markmið okkar um að ná kolefnishlutleysi árið 2040 sé metnaðarfullt en það er mjög mikilvægt að sem flestar þjóðir nái því mark-

miði fyrir miðbik aldarinnar. Segja má að á alþjóðavísu sé þetta verkefni í nokkrum þrepum: Fyrst er að draga úr eins miklu af losuninni og við getum með tækni- og kerfisbreytingum eins og að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir endurnýjanlega orkugjafa. Síðan þarf að ná umframkolefninu úr andrúmsloftinu, til dæmis með skógrækt og endurheimt votlendis. Einnig eru ýmsar aðrar aðferðir í þróun eins og CarbFix verkefnið í Hellsheiðarvirkjun en þar er útblæstri frá virkjuninni dælt niður í berglög í stað þess að hann fari út í andrúmsloftið. Kostnaður við slíka lausn fer að verða samkeppnishæfur við verðmiðann á losunarheimildum í Evrópu og þau fyrirtæki hér á landi sem heyra undir European Trading Systems kerfið eins og stóriðjan og flugíð gætu nýtt sér slíkar lausnir til að draga úr sinni losun. Þegar að kolefnishlutleysi er svo náð þarf að ganga enn lengra. Nýlega samþykkti ríkisstjórnin loftslagsstefnu fyrir ráðuneytin þar sem gert er ráð fyrir að þau kolefnisjafni sig strax á þessu ári og dragi úr losun um 40% fyrir árið 2030. Þetta er lítil hluti af losun Íslands en þetta er táknrænn gjörningur. Það sem að heimurinn þarf að gera á löngum tíma ætlum við að gera á þessu ári af því að við getum það. Við viljum sýna gott fordæmi.“

## Framlag beggja er mikilvægt

*Undanfarið hefur orðið vitundarvakning um hvað einstaklingurinn getur gert í baráttunni við loftslagsvandann en það er líka uppi gagnrýni á að almenningur eigi að draga vagninn. Getur verið að of lítil áhersla sé lögð á að fyrirtæki leggi sitt af mörkum og þeim sé veitt aðhald?*

„Framlag beggja er mikilvægt og hið opinbera getur haft áhrif á hvoru tveggja. Bæði fyrirtæki og einstaklingar borga nú hærra kolefnisskatta fyrir að nota jarðefnaeldsneyti. Fólk hugsar sig þá kannski um næst þegar það endurnýjar bílinn sinn og velur frekar rafbíl eða metanbíl. Eins skapar þetta hvata fyrir fyrirtæki til að velja umhverfisvænar lausnir. Sum fyrirtæki á Íslandi heyra undir ETS eins og ég minntist áður á þar sem að þau fá ákveðnar losunarheimildir úthlutað úr sameiginlegum potti en þurfa að borga fyrir afganginn. Potturinn minnkar eftir því sem árin líða og verðið hækkar og þannig myndast hvati til að leita umhverfisvænni lausna.“

## Hringrásarhagkerfi vekur vonir

„Svo má líta til framleiðsluferlis fyrirtækjanna og neyslu einstaklingsins en þar myndast línuleg keðja þar sem aðföng og framleiðsla leiðir til neyslu og loks förgunar úrgangs. Og þar er ekkert endilega verið að huga að því að nýta hliðarafurðir sem falla til á neinu stigi keðjunnar. Þarna er gríðarlega stórt tækifæri til að skapa hring úr þessu línulega ferli með því að nota hliðarafurðirnar í framleiðslu á einhverju nýju. Slíkt er kallað hringrásarhagkerfi og er eitthvað sem ráðuneytið vinnur nú að. Ágætis dæmi um svona framleiðslu er repjuræktun sem stunduð er á Flatey á Mýrum þar sem að repjumjölið er notað í fóður, stönglarnir undir



gripina en olían úr fræjunum er notuð á skip. Þarna stundar fyrirtæki ákveðna framleiðslu en dregur um leið einnig úr neyslu.“

*Hvaða hlutverki gegnir einstaklingurinn?*

„Við sem neytendur eigum að vera meðvituð um hvers konar vörur við kaupum, hvernig þær verða til og velja framleiðendur út frá því. Annað risastórt mál er matarsóunin sem verður til á öllum stigum keðjunnar: framleiðslu, neyslu og förgun. Við erum að fleygja einum þriðja þeirra matvæla sem framleidd eru í heiminum þrátt fyrir að fullt af fólki svelt. Við þurfum og erum að vinna að því að skapa fyrirtækjum aðhald, en við þurfum líka á neytendum að halda, við þurfum öll að taka okkur á.“

*En skýtur þá ekki örlítið skökku við að samfélagið tali um að flytja inn ferskt nautakjöt á meðan að hvatt er til sjálfbærari lifnaðarháttá?*

„Ég trúir því að við þurfum að minnka kjötneyslu vegna þess að hún veldur stærri umhverfisáhrifum heldur en fiskur eða grænmeti. En ég veit ekki hversu tilbúið samfélagið er til að kollvarpa þessu. Kannski er allt í lagi að það gerist aðeins hægar. Margt bendir til þess að fólk



sé að verða meðvitaðra um þetta. Ég vil gjarnan styðja við það og þar kemur fræðsla mjög sterk inn. Ég hef oft haft efasemdir um að fræðslan ein um umhverfismál sé nóg því oft hefur mér liðið eins og við séum alltaf að fræða án þess að regluverkið fylgi með en núna þegar ég er að hafa áhrif á regluverkið þá finnst mér vanta upp á fræðsluna um hvers vegna við breytum regluverkinu. Ég er sjálfur úr sveit vestan af Mýrum en þar er sorpurðunarstaður og þar er eitt af vandamálunum ekki bara hversu mikið af sorpi er urðað heldur hversu lítið af því er flokkað. Pabbi minn sagði við mig að það vantaði fræðslu til fólksins um hvers vegna það er mikilvægt. Ég hugsaði „Já, sennilega er þetta rétt hjá karlinum. Því það er ekki nóg að sveitarfélagið setji reglur um að flokka, fólk verður að vita hvernig á að gera það og hvers vegna það sé mikilvægt. Þetta helst allt í hendur.“

## Ekki gott að einn ráði

*Og regluverkið er mismunandi milli sveitarfélaga?*

„Já og það er einmitt eitt af því sem ég er að skoða núna: Getum við samræmt flokkunina meira þótt ekki væri nema innan landshluta sem nýta sér sömu úrgangspjónustu. Einnig er ég að skoða að gera flokkun á landsvísu að skyldu bæði hvað varðar einstaklinga og fyrirtæki því það er líka mjög misjafnt hvernig þau standa sig. Þetta tengist allt hringrásarhagkerfinu sem er eitt af verkefnum ársins hjá okkur í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.“

*Ef þú réðir einn hversu langt myndir þú ganga í regluverkinu?*

„Ég veit það ekki alveg,“ segir hann og hlær. „Ég held reyndar að það væri ekkert rosalega sniðugt að einhver einn réði. Og ég segi það vegna þess að það er betra að við náum saman um það sem við þurfum að gera, það er áhrifaríkara þannig. Þó svo að stundum langi mann alveg til að segja „Má ég ekki bara ráða þessu?“

## Á móti sæstreng

*Nú hafa umræður um þriðja orkupakkann valdið því að fólk er farið að deila um sæstreng. Hver er þín afstaða?*

„Sæstrengur verður ekki lagður fyrir tilstilli þriðja orkupakkans og hann verður heldur ekki lagður nema með samþykki Alþingis, það verður tryggt í lögum. Ég hef verið þeirrar skoðunar að við eigum ekki að fara í sæstreng og

það er af tveimur ástæðum: Af náttúruverndar-ástæðum, sæstrengur myndi kalla á meiri orkuvinnslu og meiri orkuflutning, þ.e. risastórar háspennulínur, jafnvel yfir hálendið og að auki er mjög líklegt að raforkuverð til almennings myndi hækka.“

## Ástandið er grafalvarlegt

*Er hægt að bjarga heiminum?*

„Já, ég held að það sé hægt. Það hafa komið út margar skýrslur og úttektir á undanföllum áratugum þar sem hefur verið varað við því hvert við erum að stefna, bæði varðandi loftslag og útdauða tegunda en á sama tíma þá benda þessar úttektir alltaf á að það séu til lausnir. Og skýrsla milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál, sem að margir hafa kallað lokaviðvörðunina, hreyfði rosalega mikið við okkur í fyrra. Það varð einhver vendingur þegar hún kom út sem var frábært. Og síðan upphéfast mótmæli sem fara af stað með einni frábærri manneskju í Svíþjóð og unga fólkið þrýstir núna á um frekari aðgerðir. Þessi skýrsla segir að ástandið sé grafalvarlegt og að við höfum stuttan tíma en að það séu lausnir. Við þurfum að breyta um orkugjafa, við þurfum að binda kolefni úr andrúmsloftinu og við þurfum að gera þetta hratt. Ég vinn við að bjarga heiminum en ég geri mér grein fyrir að þetta er ekki einfaldasta verkefni í heimi. Það er hins vegar óumflýjanlegt og ekkert annað í boði en að takast á við þetta.“

*En þú ert bjartsýnn?*

„Ég er raunsær bjartsýnismaður skulum við segja.“





**Ögmundur Jónasson**

# Verkalýðshreyfingunni ber að beita sér á alþjóðavísu

**Ástæður þess að samtök launafólks ættu að taka þátt í alþjóðlegu starfi eru af tvennum toga. Annars vegar til að gæta hagsmuna þeirra sem þau voru stofnuð til að standa vörð um og hins vegar til að sýna í verki samstöðu um góðan og verðugan málstað.**

## **Að standa vörð um hagsmuni launafólks**

Á alþjóðavísu er sífellt verið að festa í samninga, og í framhaldinu lög og reglur, ákvæði sem snerta aðstæður okkar og kjör, hvers og eins eða sem samfélags, hóps eða hreyfingar.

Um þetta má nefna mörg dæmi. Ég nefni gríðarlega mikilvæga, en að sama skapi lítt fýsilega, samninga á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, World Trade Organization (WTO), sem allar götur frá því sú stofnun var sett á laggirnar um miðjan tíunda áratug síðustu aldar, hafði unnið að samningum sem snúa að innri samfélagsgerð aðildarríkjanna. Þetta voru og eru hinir svokölluðu GATS þjónustusamningar, General Agreement on Trade in Services. Leiðarljós þeirra hefur alla tíð verið vel sýnilegt: Markaðsvæðing.

## **Velferðarþjónustan varin**

Þjónustusamningarnir í GATS viðræðunum hafa tekið til velferðarþjónustunnar ekkert síður en annarra þjónustugeira og þarf varla að fjölyrða um hve mikilvægt er að standa vörð um hana, bæði þau verkefni sem henni er ætlað að sinna og sem starfsvettvang. Auðvitað skiptir sköpum hvort velferðarþjónustan er rekin með það að markmiði að þjóna samfélaginu eða til að skapa eigendum sínum arð. Við GATS samningaborðið er ákveðið hvaða þættir samfélagsstarfseminnar skuli lúta lögmálum markaðar, boðnir út og einkavæddir og hverjir skuli þar undanþegnir og reknir á vegum samfélagsins og til þess eins að þjóna því.

Á fyrstu árum GATS samninganna var reynt að halda viðræðunum á bak við tjöld enda var vitað að markaðsvæðing velferðarþjónustunnar fellur ekki í kramið hjá almenningi og þess vegna var ákveðið að reyna að nota gamalkunnugt ráð og láta fólk standa frammi fyrir gerðum hlut. Árið 2003 settu PSI, Public Services International, Alþjóðasamtök launafólks í almannathjónustu, sem BSRB og þá einnig Sameyki eiga aðild að, fram þá hugmynd, að komið yrði á fót eins konar þingi fulltrúa alþjóðaverkalýðshreyfingar og ýmissa almennasamtaka sem starfaði jafnhliða fundum WTO til að stuðla að lýðræðislegri umræðu og veita stofnuninni aðhald.

## **Viðleitni til gagnrýnins aðhalds**

Frá því er skemmst að segja að þessu var illa tekið af hálfu WTO en



Fulltrúar BSRB á þingi PSI í Genf í nóvember 2017. Á myndinni eru þau Árni Stefán Jónsson þáverandi formaður SFR og núverandi formaður Sameykis, Þórarinn Eyfjörð þáverandi framkvæmdastjóri SFR og nú hjá Sameyki, Jakobína Arna Björnsdóttir formaður Kjalar og Birna Ólafsdóttir frá Sjúkraliðafélagi Íslands.

tillagan er engu að síður til marks um viðleitni gagnrýnninnar og vakandi verkalyðshreyfingar til að gera samningaviðræður um skipulag samfélagsins sýnilegar og koma sjónarmiðum launafólks á framfæri.

Að því kom að GATS viðræðurnar sigldu í strand vegna andstöðu frá fátækustu ríkjum heims sem þótti ríki heimurinn vilja þvinga sig til að einkavæða og búa þannig í haginn fyrir alþjóðafjármagnið að hremma eignir þeirra. Alþjóðlega verkalyðshreyfingin lagðist á sveif með hinum snauða heimi enda sama sinnis. Brugðu þá fimmtíu ríkustu þjóðir heims, þar á meðal Ísland, – af þeim eitt hundrað tuttugu og þremur sem aðild höfðu átt að GATS samningunum – á það ráð að hefja viðræður undir merkjum TISA – Trade in Services Agreement. Aftur var reynt að semja í leyni en upp komst um makið og má þakka það uppljóstrunum Wikileaks og árvekni samtaka á borð við PSI.

### **Vilja gerðardóma á forsendum fjármagns í stað dómstóla réttarríkisins**

Hægt hefur á þessum samningum síðustu misserin en andstaðan gegn þeim hefur jafnt og þétt verið að herðast og hefur gagnrýnin mjög beinst að því að með TISA sé verið að auka vægi handhafa fjármagnsins á kostnað lýðræðisins og réttinda launafólks, meðal annars með því að færa vald til að útkljá viðskipta-deilur til sérstakra gerðardóma þar sem fjármálavaldið situr við borð í stað þess að láta hefðbundna dómstóla réttarríkisins um hituna, með öðrum orðum, auðvald á kostnað almanna-valds.

Það segir sig sjálfst að fyrir almenning skiptir höfuðmáli hver umgjörð efnahagsstarfseminni, og þá ekki síst velferðarþjónustunni er búin og þá hve hátt undir höfði réttindum launafólks, þáttum sem varða umhverfisvernd, og mannréttindi almennt, eru gerð.

BSRB og aðildarfélag bandalagsins hafa haft ríka aðkomu að starfi PSI og tekið þátt í umræðu og þá aðhaldi að samningaviðræðum um GATS og TISA, bæði á alþjóðavísu og einnig hér heima. Þannig varð BSRB upphaflega til að beina

sjónum að skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld höfðu verið að undirgangast í GATS viðræðunum á upphafsárum þeirra, nánast í kyrrþey! Það eru engar ýkjur.

### **Evróputilskipanir ná til okkar**

Sama má segja um lög og reglur innan Evrópusambandsins, ESB, og hins evrópska efnahagssvæðis, EES, sem snerta starfsumhverfi, réttindi og kjör launafólks. Nægir þar að nefna margfræga þjónustutílskipun ESB á sviði velferðarmála sem var mjög til umræðu upp úr aldamótum en hún tók miklum breytingum til batnaðar fyrir tilstilli samtaka launafólks European Trade Union Confederation, ETUC, og European Public Service Union, EPSU. Einnig á þessum vettvangi hafa félagar og félög innan BSRB látið til sín taka á afgerandi hátt og tvímælalaust haft umtalsverð áhrif.

Þetta á að sjálfsögðu einnig við um önnur samtök launafólks. Þá hafa Alþýðusamband Íslands og BSRB haft fasta aðkomu að Alþjóðavinnumálastofnuninni, ILO, í Genf og tekið þátt í málafylgju á þeim vettvangi í þágu launafólks.

## Göfgandi starf

Eins og framangreindar tilvísanir í alþjóðasamstarf á vegum verkalýðshreyfingarinnar bera með sér, þá samtvinnast það sem flokka má sem hagsmunagæslu því sem við myndum fella undir samstöðu og samstarf.

Samstöðu um göfugan málstað skal ekki vanmeta. Það er þeim sem þarfnast stuðnings mikils virði að eiga bakhjarl í verkalýðshreyfingunni og síðan er hitt að óeigingjarnt starf til hjálpar þeim sem eru hjálparþurfi er mannbætandi.

Þannig hefur hin alþjóðlega verkalýðshreyfing stutt við bakið á minnihlutahópum, flóttafólki, útskúfuðu og samningslausu farandverkafólki, samkynhneigðum, og ýmsum þeim sem víða um heim eru ofsóttir.

Að lokum er ástæða til að minnast þess að það er hin alþjóðlega verkalýðshreyfing sem harðast hefur



Ögmundur Jónasson stýrir panelumræðum á þingi PSI í nóvember 2017.

gengið fram í að halda fram kröfum um jöfnuð, jafnrétti kynjanna, réttinum til heilbrigðisþjónustu og menntunar, óháð efnahag, vatni fyrir alla, hreinu lofti og mannréttindum innan sem utan vinnustaðarins.

Auðvitað eigum við heima í þessum slag. Það á ekki að vera neitt val. Það er skylda okkar og þannig verður verkalýðshreyfingin sú hreyfing sem ég held að þorri félagsmanna vilji að hún sé.

## Að deila reynslu og eiga samstarf

Sameyki tekur þátt í fjölbreyttu starfi jafnt á norrænum og alþjóðlegum vettvangi. Samstarf við systerfélög okkar á norðurlöndunum er þar fyrirferðamest, enda eigum við sameiginleg með þeim fjölmörg málefni. Að deila reynslu og eiga samstarf um verkefni dagsins í dag og framtíðarinnar er afar mikilvægt í starfsemi sem okkar. Það er okkar gróði að hlusta á reynslu stærri þjóða en um leið er rödd okkar einnig mikilvæg. Íslenskur vinnumarkaður hefur sérstöðu og við þurfum að deila reynslu okkar með öðrum. Mörg málefni eru leyst með rafrænum samskiptum á milli landa en fulltrúar Sameykis sitja einnig fundi og ráðstefnur erlendis og fá hingað heim góða gesti. Í síðasta mánuði komu til fundar framkvæmdstjórar fulltrúar NTR sem eru samtök norrænna stéttarfélaganna sem eiga það sameiginlegt að semja við sveitarfélögin og funduðu hér á skrifstofunni. Efni fundarinnar var m.a. skipulagning spennandi ráðstefnu sem haldin verður árið 2020 og við munum eflaust fá að fylgjast með. Þá komu einnig ungliðar frá norska stéttarfélaginu Parat sem komnir voru hingað til lands til að kynna sér málefni vinnumarkaðarinnar, jafnréttismál og fleira.



Fulltrúar frá Ung-Parat



Fulltrúar frá NTR ásamt Jakobínu Þórðardóttur framkvæmdastjóra Sameykis

# Kjósum okkur besta trúnaðarmanninn!

Nú er hafin kosning um trúnaðarmenn hjá Sameyki. Trúnaðarmaður er kosinn til tveggja ára í senn og kjörtímabilið sem kosið er til núna er frá 31. maí 2019 – 31. maí 2021.

Trúnaðarmenn eru mikilvægur hlekkur í starfi stéttarféлага. Hlutverk þeirra er að tengja forystu og skrifstofu við félagsmenn sína á hverjum vinnustað ásamt því að vera augu og eyru stéttarfélagans á vinnustaðnum hvað kjaramál varðar. Góður trúnaðarmaður þarf fyrst og fremst að hafa áhuga á vellíðan og starfsöryggi félaga sinna. Hann þarf að vera vakandi fyrir vinnuumhverfinu og eiga auðvelt með mannleg samskipti, hafa ríka réttlætiskennnd og vera óhræddur við að takast á við viðfangsefnið sem upp koma. Sameyki leggur mikla áherslu á að efla trúnaðarmannakerfi félagsins með það að markmiði að efla tengsl félagsins við vinnustaðina og þar með félaga Sameykis um allt land. Störf þeirra sem starfa í almannatjónustu hjá ríki og sveitarfélögum eru afar mikilvæg enda eru þau störf kjarninn í velferðarkerfinu og því öryggisneti sem gott samfélag byggist á.

Trúnaðarmönnum býðst að sækja fjölbreytta fræðslu á vegum Sameykis, BSRB og Félagsmála-skóla alþýðu. Í fræðslunni er m.a. lögð áhersla á leiðtogaþjálfun, starf og stöðu trúnaðarmannsins, samskipti á vinnustað, starfsemi stéttarféлага, vinnurétt, launaseðla, launaútreikning, tryggingar og kjarasamninga, vinnuvernd, starfsendurhæfingu, sjálfstyrkingu, stjórnunarstíla, einelti, hagfræði, samningatækni, inngang að ræðumennsku, samtalstækni og íhlutun, rökfræði og áróður og skipuleg vinnubrögð.

Fundir trúnaðarmanna eru a.m.k. tveir yfir vetrartímam en þeir standa frá kl. 13 - 16. Á þeim fundum er farið yfir mál líðandi stundar – mál sem tengjast störfum og kjörum á vinnumarkaðnum og boðið er upp á áhugaverða gestafyrirlestra sem snerta störf og stöðu trúnaðarmanna.

Það er allra hagar að trúnaðarmenn séu vel upplýstir og þjálfaðir til að gegna þeim skyldum sem samstarfsmenn hafa kosið þá til. Skilningur trúnaðarmanna á hlutverki sínu gagnvart samstarfsmönnum og stjórnendum er því mikilvægur og grundvöllur þess að þeir geti sinnt hlutverki sínu af ábyrgð.

Allt um kosningu trúnaðarmanna má finna á vef [sfr.is](http://sfr.is) og [strv.is](http://strv.is) þar sem heimasíða er í smíðum en hún verður væntanlega tilbúin til að leysa hinar af í júní 2019.

Sameyki leggur áherslu á að kosningu trúnaðarmanns sé hrint í framkvæmd eins fljótt og auðið er eftir að kjörgögn hafa skilað sér.

Fresturinn til að kjósa sér trúnaðarmann á vinnustaðnum er til 31. maí.

Ef einhverjar spurningar vakna þá endilega hafið samband við Kristínu Ernu, netfangið er [kristin@sameyki.is](mailto:kristin@sameyki.is)

# Framkvæmd kosningar trúnaðarmanna

Það er hlutverk núverandi trúnaðarmanns Sameykis að skipa umboðsmann sem heldur utan um kosninguna. Umboðsmaðurinn skal sjá til þess að kosning eigi sér stað á vinnustaðnum fyrir 31. maí næstkomandi.

## Kjör trúnaðarmanns skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

1. Trúnaðarmaður skipar umboðsmann kosninganna og hengir upp auglýsingu um kosningu á áberandi stað á vinnustaðnum. Í auglýsingunni kemur fram nafn umboðsmanns.

Við val umboðsmanns skal þess gætt eftir föngum að hann hafi yfirsýn yfir fjölda félaga Sameykis í mismunandi deildum stofnunar. Á fjölmönnum vinnustöðum má skipa fleiri en einn umboðsmann.

2. Umboðsmaður undirbýr kjörið:
  - a. Leitar eftir tilnefningu félagsmanna um frambjóðendur. Einnig getur hver félagsmaður komið með skriflegar tillögur til umboðsmanns.
  - b. Fær skriflegt samþykki þeirra sem tilnefndir hafa verið.
  - c. Auglýsir kosningu með a.m.k. fimm daga fyrirvara og tekur þar fram hverjir eru í framboði.
3. Ef aðeins einn er í framboði má líta á hann sem sjálfkjörinn en umboðsmanni er einnig heimilt að framkvæma kosningu þrátt fyrir að einn sé í framboði. Við kosningu ritar kjósandi nafn þess sem hann kys á atkvæðaseðilinn, brýtur hann síðan saman og stingur í kassa sem umboðsmaður kemur fyrir. Aðeins skal rita nafn eins manns á seðilinn, að öðrum kosti er hann ógildur. Umboðsmaður sér um talningu atkvæða og er öllum, sem rétt áttu til að kjósa, heimilt að fylgjast með. Sá sem fær flest atkvæði er rétt kjörinn trúnaðarmaður og sá sem fær næst flest er rétt kjörinn varamaður hans. Nú fær einn frambjóðandi öll greidd atkvæði og skal hann þá strax skipa varamann. Séu atkvæði jöfn þá ræður hlutkesti.
4. Þegar kjör er yfirstaðið fyllir umboðsmaður út meðfylgjandi tilkynningaeyðublað um kjör trúnaðarmanns og kemur því til skrifstofu Sameykis eins og að ofan greinir.

Mikilvægt er að umboðsmaður skrifi undir tilkynninguna og að kjörstjórn upplýsi félagsmenn á viðkomandi stofnun um niðurstöðu kosninganna.

5. Ef tilkynning um kjör berst ekki fyrir 31. maí skipar stjórn Sameykis trúnaðarmann án tilnefningar og tilkynnir það félögum á vinnustað. Stjórnin leggur hins vegar ofuráherslu á að vinnustaðirnir kjósi sína trúnaðarmenn.

Framkvæmd kosningar er í samræmi við lög Sameykis, 24. og 25. grein í 9. kafla og starfsreglur trúnaðarmanna og trúnaðarráðs Sameykis.

**Nánari upplýsingar á [www.sfr.is](http://www.sfr.is) og [www.strv.is](http://www.strv.is) eða hafðu samband við Kristínu Ernu - [kristin@sameyki.is](mailto:kristin@sameyki.is).**

## „Kröfugöngur eru ekki tímaskekkja“



### Ríkey Dal, 27 ára starfsmaður ÁTVR og háskólanemi.

„Ég þekki ágætlega til starfsemi verkalýðsfélagsins og hef sótt um styrki í gegnum sjóðinn og fengið en það hefur komið sér vel þar sem ég að vinna með skólanum,“ sagði Ríkey sem starfar í hlutastarfi í ÁTVR meðfram námi í safnafræði við Háskóla Íslands. „Þegar upp kom krísa á vinnustaðnum þá leituðum við nokkur til félagsins og fengum góðar upplýsingar um hvernig best væri að leysa málið. Það er mjög nauðsynlegt að geta leitað út fyrir vinnustaðinn ef eitthvað hjátar á og geta treyst því að verkalýðsfélagið standi með manni komi slíkt upp.“

Ríkey er líkt og margir háskólanemar á kafi í prófaundirbúningi og verkefnaskilum og segist því ekki eiga kost á því að fara í kröfugönguna 1. maí að þessu sinni. „Kröfugöngur eru ekki tímaskekkja, og verkalýðsbarátta skiptir ungt fólk máli“ - sagði Ríkey og ítrekaði nauðsyn þess að fólk þekki réttindi sín og viti hvert það eigi að leita telji það á sér brotið.

## „Án félagsins hefði draumur minn um háskólanám ekki ræst“



### Kristbjörg Halla Magnúsdóttir, 36 ára starfsmaður SÁÁ og háskólanemi.

„Ég veit bara ekki hvar ég að byrja, ég á stéttarfélaginu mínu svo mikið að þakka“ – svaraði Kristbjörg Halla aðspurð um mikilvægi stéttarfélagsins fyrir hana. „Án styrkja frá félaginu hefði ég aldrei getað menntað mig. Námsstyrkirnir hafa gert það mögulegt fyrir mig að ég get verið í krefjandi háskólanámi og sinnt því án þess að þurfa að skuldsetja mig að óþarflega eða bæta á mig meiri vinnu. Ég get ekki þakkað nægjanlega fyrir þennan möguleika“.

Kristbjörg Halla er í sálfræðinámi í Háskóla Íslands en áhugi kviknaði vegna starfa hennar fyrir SÁÁ þar sem hún hefur starfað í 15 ár. Hún hefur jafnframt gengt trúnaðarstörfum fyrir félagið og á vinnustað sínum og þekkir vel til starfseminnar. „Mér finnst vera vitundarvakning í samfélaginu og fólk vera að átta sig á krafti samstöðunnar. Það er upplifun að starfa á vettvangi verkalýðsfélags og skynja hvað gerist þegar allir standa saman sem ein heild. Kröfugöngur eins og á 1. maí eiga erindi og skipta miklu máli“.

## „Mikilvægt að minnast þess að eitt sinn hafði verkafólk hvorki málsvara né rödd“



**Styrmir Reynisson, 32 ára sagnfræðingur og forstöðumaður frístundaheimilis á vegum Reykjavíkur.**

„Baráttan fyrir bættum kjörum hefur fyrir löngu færst af götunni. Ég tel ólíklegt að vinnuveitendur líti á fjöldann sem mætir í gönguna 1. maí sem lykilhlekk í kjaraviðræðum. Fyrir mér er gangan fyrst og fremst sögulega mikilvæg og sýnir vel hverju samstaða getur afrekað. Á þeim tíma sem afi minn og hans félagar voru að berjast fyrir réttindum verkafólks voru þeir ekki með málsvara, þeir höfðu ekki rödd. Það má ekki gleymast“.

Styrmir starfar með ungu fólki og er jafnframt trúnaðarmaður á sínum vinnustað og það kemur í hans hlut að kynna þeim réttindi sín og skyldur, en hann segir þau almennt ekki sérstaklega meðvituð um hlutverk stéttarfélags. „Almennt held ég að fólk viti ekki hvers vegna verkalyðsdagurinn er haldinn hátíðlegur, það mætti bæta verulega úr því“. Sjálfur hefur hann nýtt sér þá styrki sem í boði eru, jafnt ferðastyrki, fæðingarstyrki og dvalið í sumarhúsum svo dæmi séu tekin.

„Þegar ég kynni starfsemi félagsins fyrir nýjum starfsmönnum þá legg ég áherslu á að stéttarfélagið sé samstöðumáttur gagnvart vinnuveitanda og starfi í þeirra þágu. Málsvari þeirra og verndari réttinda. Nú höfum við rödd, ólíkt því sem var þegar kröfugangan var mikilvægasta vopnið í baráttu kynslóðar afa míns fyrir bættum kjörum vinnandi stétta.“

# Raunfærnimat á móti námskrá Háskólabrúar Keilis

Árið 2018 bauð fræðslusetrið Starfsmennt í samvinnu við Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, tvívegis upp á raunfærnimat á móti kröfum Háskólabrúar Keilis. Þetta verkefni var liður í að mæta þeim hópi fólks á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið formlegu framhaldsskólanámi og hafði það markmið að stytta leið þeirra til lokaprófs af Háskólabrú Keilis. Verkefnið hlaut styrk úr Fræðslusjóði, sjóði framhaldsfræðslunnar, og var það unnið í samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífs (FA) og aðferðafræði FA um framkvæmd raunfærnimats fylgt í þaula.

Inntökuskilyrði í raunfærnimatið voru þau sömu og inntökuskilyrði Háskólabrúar, að vera 23 ára eða eldri, með samtals þriggja ára almenna starfsreynslu og hafa lokið að lágmarki 117 framhaldsskólaeiningum (70 eldri einingar), þar af einingum í grunnfögunum ensku, íslensku og stærðfræði.

Kennarar Keilis fóru yfir þá áfanga sem þeir kenndu og mátu hvort raunhæft væri að bjóða upp á raunfærnimat í þeim greinum. Niðurstaðan varð að sex greinar þóttu henta til mats:

- Stærðfræði 1 (STÆ2A06)
- Stærðfræði 2 - Tölfræði (STÆ3AT06)
- Upplýsingatækni (UPT2A06)
- Upplýsingatækni og tölfræði (UTÖ2B06)
- Danska (DAN2A06)
- Bókfærsla (INN2A06)

Kennarar Háskólabrúar sáu svo um gerð matslista og mátu raunfærni þátttakenda.

Kynningar fóru fram annars vegar í janúar og hins vegar í september 2018 þar sem verkefnastjóri Starfsmenntar kynnti markmið og framkvæmd raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafi frá Keili kynnti námið við Háskólabrú og möguleika þátttakenda að loknu raunfærnimati. Matsferlið sjálfst hófst í kjölfar kynningarfunda. Fyrri hópurinn lauk ferlinu í júní 2018 en hópurinn sem hóf matsferlið á haustönn lauk því í byrjun janúar 2019.

Alls tóku ellefu einstaklingar þátt í raunfærnimatinu, allt konur, og var meðalaldur þeirra 50 ár. Í heildina fóru fram 26 matssamtöl og stóðust þátttakendur alls 150 framhaldsskólaeiningar. Flestar metnar einingar á einstakling voru 24 en sem dæmi má nefna að Félagsvísinda- og lagadeild Háskólabrúar Keilis telur 73 einingar í heildina.

Af ellefu þátttakendum voru tíu af höfuðborgarsvæðinu. Einn þátttakandi var af landsbyggðinni og voru ýmist notaðir rafrænir miðlar í matsferlinu eða viðkomandi kom til höfuðborgarinnar.

Níu af þessum ellefu þátttakendum hófu strax nám á Háskólabrú í kjölfar raunfærnimats, en einn þátttakandi var þegar í námi þegar raunfærnimatið hófst. Til viðbótar skráðu tveir einstaklingar sig í námið sem höfðu sótt kynningarfund en töldu sig ekki eiga erindi í raunfærnimatið sjálfst. Það er því óhætt að fullyrða að verkefnið hafi verið hvatning til frekara náms og nokkrar af þeim sem sem tóku þátt í fyrra verkefninu stefna á útskrift af Háskólabrú í júní 2019, aðeins rúmu ári frá því að ferlið hófst.

Á vefnum Næsta skref [www.naestaskref.is](http://www.naestaskref.is) má finna almennar upplýsingar um raunfærnimat og eins hvetur Starfsmennt alla til að skrá sig á póstlista á [www.smennt.is](http://www.smennt.is) og/eða gerast vinir okkar á Facebook <https://www.facebook.com/starfsmennt/> til að fá nýjustu fréttir úr starfinu.



símenntun varðar þig





*Björn Þór Sigbjörnsson  
stjórnarmaður SRÚ.*

# Liðsauki frá RÚV

Félagsmenn Starfsmannafélags RÚV samþykktu á dögunum í atkvæðagreiðslu að leggja niður félagið og ganga inn í Sameyki. Forsaga málsins er sú að Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins gekk í SFR stéttarfélag í júní 2016 með svokallaðri aukaðild en lög SFR voru á þá leið að stéttarfélag gat átt þar aðild. Við það öðluðust félagsmenn SRÚ full réttindi sem SFR félagar. Við sameiningu SFR og St.Rv. í Sameyki breyttust löggin hins vegar og möguleikinn á slíku formi aðildar var felldur niður.

Stjórn SRÚ sem í sitja Gunnar Magnússon formaður, Guðrún Gunnarsdóttir ritari og Björn Þór Sigbjörnsson gjaldkeri lagði þá til við félagsmenn að félagið yrði lagt niður og félagar gengju inn í Sameyki með öllum áunnum réttindum. Þessi tillaga var síðan samþykkt í atkvæðagreiðslu sem fram fór í byrjun apríl. Við breytinguna munu félagsmenn halda öllum sínum áunnum réttindum og Sameyki mun taka við samningsumboði fyrir starfsmenn RÚV í þeim störfum sem um ræðir.

Björn Þór Sigbjörnsson stjórnarmaður í SRÚ sagði í viðtali við blaðið að við breytingar á lögum hefði félagið staðið frammi fyrir tveimur kostum, annað hvort að slíta tengslin við Sameyki eða óska eftir inngöngu. Þar sem samstarfið hefði gengið mjög vel og verið til hagsbóta fyrir félagsmenn hefði stjórnin lagt til seinni kostinn, enda hefði stjórninni fundist verkefnunum

betur borgið í stóru öflugu félagi. Þeir félagsmenn sem tóku þátt í atkvæðagreiðslunni voru á sama máli og samþykktu það einróma.

Starfsmannafélag RÚV varð til stuttu eftir stofnun RÚV og lengi vel voru flestir starfsmenn stofnunarinnar þar félagsmenn, sagði Björn. Með tímanum hefði starfsmannahópurinn breyst og í dag væru starfsmenn í fjölmörgum stéttarfélögum og bakgrunnur þeirra ólíkur. Starfsmannafélagið hefði því minnkað mikið frá stofnun þess og síðastliðin ár hafa félagsmenn verið tæplega fimmtíu talsins. Þá sagði Björn að þátttaka í fundum og atkvæðagreiðslu í starfi félagsins hafi minnkað mikið, kannski í takt við annað sem er að gerast í samfélaginu en einnig í samræmi við fækkun félagsmanna.

Hann sagðist ánægður með þessa niðurstöðu þó að það hafi kannski verið kaldhæðnislegt, sem tiltölulega nýr stjórnarmaður, að standa að baki tillögu um að félagið yrði lagt niður. Mikilvægast væri samt að með þessum breytingum njóta félagsmenn SRÚ alls þess sem væri í boði hjá Sameyki; styrkja, orlofshúsa, þjónustu að ónefndri mikilli þekkingu á kjaramálum sem þar væri innanhúss.

Sameyki býður fyrirverandi félagsmenn SRÚ velkomna í félagið og er fullviss um að þetta verði gæfuspor, bæði fyrir félagsmenn og félagið í heild sinni.



# Páskabingó



Skemmtilegt og fjölmennt páskaeggjabingó Sameykis fór fram á dögnum á Grettisgötu 89. Þar komu saman um 100 manns, börn og full-orðnir sem skemmtu sér saman og spiluðu bingó og fjölmargir fóru heim með páskaegg af öllum stærðum. Rut Ragnarsdóttir var bingó-stjóri og spilað var eftir alls konar kúntum. Börnin lásu brandara á milli atriða og gleðin var mikil eins og myndirnar sýna.







Undanfarið hefur umræðan um vaxandi vinnu-álag og kulnun verið áberandi í íslensku samfélagi. Það að reyna að samræma vinnu og einkalíf hefur verið nefnt sem eitt af streituvöldum 21. aldarinnar. Ísland kemur ekki vel út í nýlegri samanburðarrannsókn frá OECD um samþættingu vinnu og einkalífs. Yfir 15% starfsmanna vinna yfir 50 klukkustundir á viku sem er mun hærra hlutfall en á hinum Norðurlöndunum. Frítími Íslendinga er líka minni en á Norðurlöndunum eða 14,2 klukkustundir á sólarhring. Við lifum bersýnilega erilsömu lífi og upplifum mörg áskoranir við að samræma starf, fjölskyldulíf og hugðarefni utan vinnunnar. Oft erum við með marga hatta á höfðinu og reynum að uppfylla væntingarnar sem samfélagið gerir til okkar. Við viljum standa okkur vel í starfi, axla ábyrgð og ná starfsframa á sama tíma og við keppumst við að eiga heimili þar sem hvergi fellur kusk né ryk. Síðan leggjum við okkur fram um að standa okkur í uppeldishlutverkinu, taka þátt í félagsstörfum, lesa blöðin, sjá svolítið af heiminum, fara í bíó og leikhús, stunda nám með vinnu, iðka núvitund, mæta í ræktina, tína ber, hitta vini, hvíla okkur um helgar, vinna í garðinum og fara með börnin í tónlistarskólann og á þróttæfingar. Það getur skapað togstreitu og kvíða þegar vinna og einkalíf stangast á. Það er því fagnaðarefni að í nýafstöðnum kjaraviðræðum hafi verið tekin markviss skref í átt að vinnutímastyttingu til að auka lífsgæði öllum til hagsbóta.

**Ingrid Kuhlman**

# Glíman við samspil starfs og einkalífs

## Sítengingar og snjallsímanotkun

Snjalltækjavæðingunni og sitengingum er oft kennt um aukið vinnutengt álag og fjölgun veikindadaga, m.a. vegna þess að hægt er senda okkur tölvupóst og ná í okkur hvenær sem er sólarhringsins. Segja má að snjallsíminn sé orðinn nokkurs konar framlenging af starfsmanninum. Það að vera stöðugt tiltækur og með hugann við vinnuna eykur streitu auk þess sem skilin milli vinnutíma og frítíma verða stöðugt ógreinilegri. Í sumum löndum, eins og t.d. í Frakklandi og hjá þýska bílaframleiðandanum Volkswagen, hefur verið brugðist við þessu áreiti með því að banna tölvupóstsendingar utan hefðbundins vinnutíma. Í Danmörku hefur sömuleiðis verið stungið upp á því að réttur fólks til að láta ekki ná í sig og lesa ekki tölvupóst utan hefðbundins vinnutíma verði tryggður í vinnulöggjöf. Þörf er á því hérlendis að móta skýrari reglur um vinnutengd samskipti utan vinnutíma.

Auk vinnutengdra samskipta berjast samfélagsmiðlar stöðugt um athygli okkar og leika sífellt stærra hlutverk í lífi okkar. Ríflega 90% Íslendinga eru virkir á samfélagsmiðlum og vinsældir þeirra fara sívaxandi. Þó að samfélagsmiðlar á borð við Facebook, Instagram, Snapchat og Twitter hafi ýmsa kosti eigum við oft erfitt með að slíta okkur frá þeim. Til eru alltof mörg dæmi um það að fólk verði háð símanum sínum og geti varla án hans verið. Í þessu samhengi er stundum talað um snjallsímafíkn. Afleiðing mikillar viðveru á samfélagsmiðlum er aukin streita, kvíði og minni svefngæði. Notkun snjallsíma virðist einnig hafa talsverð áhrif á gæði samverustunda fjölskyldna. Snjallsímanotkun foreldra getur haft áhrif á tengslamyndun foreldra og barna, sér í lagi ef foreldrið er andlega fjarverandi sökum símanotkunar. Snjallsíminn er frábær uppfinning sem býður upp á óteljandi notkunarmöguleika. Við þurfum bara að læra að stjórna honum í stað þess að láta símann stjórna okkur.

## Ábyrgð starfsmanna

Auk þess sem vinnustaðir þurfa að gera starfsmönnum betur kleift að samræma skyldur sínar gagnvart vinnu og fjölskyldu með vinnutímastyttingu, sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu, kemur það einnig í hlut starfsmanna sjálfra að axla ábyrgð og skapa ákveðið jafnvægi. Starfsmannasamtölin eru til dæmis kjörinn vettvangur til að ræða samræmingu starfs og einkalífs við yfirmann sinn ásamt tillögum til úrbóta. Ef ójafnvægi myndast er gott að bíða ekki og vona að eitthvað gerist heldur setjast niður með yfirmanni sínum og biðja um aðstoð og stuðning.

Góð leið til að kúpla sig frá vinnunni er að gera verkefnalista í lok dagsins til að þurfa ekki að hugsa um vinnuna þegar heim er komið. Gagnlegt er að nota tímann sem það tekur að koma sér heim til að gera upp vinnudaginn í hugarum. Margir tileinka sér aðferðir eins og að skipta um föt til að skapa skýrari skil milli vinnu og einkalífs. Þá getur einnig verið góð hugmynd að hjóla heim eða skella sér í sund eða líkamsrækt áður en heim kemur. Ef sinna þarf vinnunni þegar heim er komið er gott að setja mörk og afmarka vinnutímann, t.d. bara eftir að börnin eru sofnuð. Ekki er gott að nota tölvu eða snjallsíma rétt fyrir háttatíma þar sem blá birta skjánna virkar eins og dagsljós. Afleiðingin er að við eigum erfiðara með að sofna.

## Núllstilling

Reglulegt fri frá hversdagsleikanum er ekki munaður heldur nauðsyn. Hvíld frá vinnu gefur okkur ekki aðeins gullið tækifæri til að njóta samvista með okkar nánustu og treysta fjölskylduböndin heldur líka möguleika á að endurheimta orkuna og hlaða rafhlöðurnar, sem er mikilvægur þáttur í að auka framleiðni og einbeitingu. Gott fri fyrir líkama og sál dregur auk þess úr streitu. Það er ekki aðeins mikilvægt að taka sér alvöru fri reglulega heldur líka að taka góða pásu nokkrum sinnum yfir daginn. Fólk sem gefur sér tíma fyrir hvíld og slökun afkastar meiru, upplifir minni streitu og er ólíklegri til að fá kulnunareinkenni. Auk þess sefur það betur.

„Ekki er gott að nota tölvu eða snjallsíma rétt fyrir háttatíma...“

## Forgangsröðun og skipulag

Eitt af því sem stuðlar að betri samþættingu starfs og einkalífs er góð tímastjórnun, forgangsröðun og markmiðasetning. Með góðri skipulagningu og vinnutilhögun er hægt að skapa tíma fyrir mikilvægustu verkefni og auka skilvirkni. Markmið þurfa að vera viðráðanleg og raunhæf því þegar árangursþörfin breytist í fullkomnunaráráttu getur hún dregið úr frammistöðu okkar og lífsgæðum. Rannsóknir á fullkomnunaráráttu sýna að hún hefur í för með sér aukna streitu og kvíða. Fullkomnunarárátta getur leitt til kulunar í starfi sem einkennist af stöðugri líkamlegri og andlegri þreytu eða örmögnun, neikvæðu vinnutengdu hugarástandi, minni trú á eigin getu og minni afköstum. Fullkomnunarárátta getur verið hamlandi þar sem okkur finnst við aldrei vera nógu góð, dugleg og klár. Við þurfum sífellt að skara fram úr og vinnum því langa vinnudaga, á kostnað einkalífsins.

Hluti af góðri tímastjórnun er einnig að læra að segja nei þar sem það á við. Þegar einhver kemur með beiðni um aðstoð er gott ráð að biðja um umhugsunarfrest. Í stað þess að gefa svar strax er gott að segjast ætla að hugsa málið og verða í sambandi síðar. Þetta gefur manni tækifæri til að íhuga málið og athuga með skuldbindingar sínar og forgangsröðun.

Þegar kemur að samþættingu starfs og einkalífs og kulnunareinkennum er ábyrgð samstarfsmanna einnig mikil. Oft eru það samstarfsmenn sem taka fyrst eftir merkjum um að ekki sé allt með felldu, t.d. þegar vinnugleðin er farin, samstarfsmaður er farinn að fjarlægjast vinnufélaga eða grunnt er á pirringi. Gott er að láta reynslubolta á vinnustaðnum kenna nýliðum trixin til að lifa af.

## Niðurlag

Vinnan skipar stóran sess í lífi flestra og samþætting atvinnu og einkalífs er efst á forgangslistanum hjá fólki í dag. Við þurfum öll að leggja okkar af mörkum til að lágmarka togstreituna milli starfs og einkalífs og njóta okkar án samviskubits í báðum hlutverkunum.



# Starfsreglur háskóladeildar Sameykis, samþykktar á stofnfundi deildarinnar 4. apríl 2019



Háskóladeild Sameykis var stofnuð 4. apríl með pomp og prakt. Á fundinum voru samþykktar starfsreglur deildarinnar sem hafa einnig verið lagðar fyrir stjórn Sameykis til samþykktar. Hlutverk deildarinnar er m.a. samkvæmt lögum Sameykis að fjalla um hagsmuna- og sérmál er varða réttindi og kjör félagsmanna með háskólamenntun.

Baldur Vignir Karlsson, Landspítala var kosinn formaður en í stjórn deildarinnar eru þau Bryndís Theódórsdóttir, Vinnumálastofnun, Bryngeir A. Bryngeirsson, Frístundamiðstöðinni Gufunesbæ, Egill Kristján Björnsson, Fangelsismálastofnun, Elva Hrund Þórisdóttir, forstöðumaður frístundaheimilisins Regnbogalands, Kristín Hauksdóttir, Borgarsögusafni og María Sjöfn Árnadóttir, Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Varamenn eru þær Guðríður Sigurbjörnsdóttir, Borgarbókasafni og Birna Björnsdóttir, Sjúkraliðafélaginu.

Við óskum háskóladeildinni til hamingju með sterka stjórn og hlökkum til að sjá deildina stækka og blómstra. Búast má við því að á næstu vikum verði farið af stað af kappi við að kynna deildina vel meðal félagsmanna og útbúa skráningu.

Skráning í deildina fer fram á vefsíðunum [www.strv.is](http://www.strv.is) og [www.sfr.is](http://www.sfr.is)



## Starfsreglur Háskóladeildar

### 1. gr.

Rétt til aðildar að háskóladeild Sameykis – stéttarfélags í almannaþjónustu eiga þeir félagsmenn sem lokið hafa Bachelor - gráðu eða sambærilegu námi (180 ECTS).

Félagsmenn sem lokið hafa fyrsta námsári eða 60 ECTS einingum á háskólastigi geta einnig sótt um aðild að deildinni sem nemar.

### 2. gr.

Deildin starfar í samræmi við ákvæði félagslaga Sameykis og samkvæmt gildandi starfsreglum.

### 3. gr.

Viðfangsefni deildarinnar skulu vera;

- að gæta hagsmuna háskólamenntaðra félagsmanna innan Sameykis og vera málsvari þeirra
- að fjalla um hagsmuna- og sérmál er varða réttindi og kjör félagsmanna með háskólamenntun
- að halda uppi kynningar- og félagsstarfi með félögum innan háskóladeildarinnar
- að standa að fræðslu og gefa félögum tækifæri til að efla þekkingu sína.

### 4. gr.

Umsókn um aðild skal berast stjórn háskóladeildar. Nýir félagar öðlast félagsréttindi þegar við samþykkt hennar. Verði aðildarbeiðni hafnað getur umsækjandi skotið niðurstöðunni til stjórnar Sameykis sem tekur endanlega ákvörðun í málinu. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um menntun umsækjandans.

### 5. gr.

Stjórn deildarinnar skipa sjö aðilar, formaður og sex meðstjórnendur, er skulu kosnir úr hópi fullgildra félagsmanna deildarinnar á aðalfundi til þriggja ára í senn. Formann skal kjósa sérstaklega en sex meðstjórnendur og tveir varamenn skulu kosnir í einu lagi. Stjórnin skiptir með sér verkum og velur úr sínum hópi varaformann, ritara og gjaldkera.

Stjórnarmönnum, að formanni meðtöldum, er ekki heimilt að sitja lengur samfelt í stjórn en tvö kjörtímabil (6 ár). Þótt stjórnarmaður hafi setið í stjórn deildarinnar samfelt í 6 ár hefur það engin áhrif á þann tíma sem honum er heimilt að gegna formennsku.

Á aðalfundi skal einnig kjósa tvo skoðunarmenn ársreikninga. Stjórn deildarinnar skilar ársskýrslu til stjórnar Sameykis á hverju ári. Stjórn háskóladeildar Sameykis kys úr sínum hópi tvo fulltrúa og tvo til vara sem eiga rétt til setu í trúnaðarmannaráði og fulltrúaráði félagsins.

### 6. gr.

Stjórnarfundur skal halda með reglulegum hætti að boði formanns eða samkvæmt ákvörðun stjórnar. Stjórnarfundir eru lögmætir ef minnst 4 mæta til fundar. Rita skal fundagerðir allra funda deildarinnar.

### 7. gr.

Á tímabilinu 1. mars til 15. maí skal halda aðalfund deildarinnar og skal til hans boðað með minnst þriggja vikna fyrirvara. Aðalfundur skal boðað með auglýsingu á miðlum Sameykis og deildarinnar.

Eftirfarandi eru sérstök verkefni aðalfundar:

1. Stjórn deildarinnar gefur skýrslu um starfsemina á síðastliðnu ári.
2. Lagðir fram til samþykktar skoðaðir reikningar deildarinnar fyrir síðastliðið ár.
4. Breytingar á starfsreglum deildarinnar.
5. Kosning í stjórn.
  - a. Kosning formanns.
  - b. Kosning sex meðstjórnenda.
  - c. Kosning tveggja varamanna.
  - d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.
6. Önnur mál.

### 8. gr.

Starfsreglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi deildarinnar og þarf 2/3 greiddra atkvæða til þess að breyting öðlist gildi sem og samþykki stjórnar Sameykis.

# Ný og öflug lífeyrisdeild

Afar fjölmennur stofnfundur Lífeyrisdeildar Sameykis var haldinn 11. apríl síðastliðinn en á fundinn komu rúmlega 80 manns. Þar voru lagðar fram starfsreglur deildarinnar til samþykktar og kosin var 7 manna stjórn og formaður. Ingibjörg Óskarsdóttir bauð sig ein fram til formanns og var hún einróma kjörin með lófaklappi. Átta manns buðu sig fram sem meðstjórnendur og flest atkvæði hlutu þau Guðrún Árnadóttir, Bryndís Þorsteinsdóttir, Sigurjón Gunnarsson, Sigurður Helgason, Lilja Sörladóttir og Guðjón Magnússon og eru þau því löglega kjörin stjórn deildarinnar.

Garðar Hilmarsson varaformaður ávarpaði fundinn þar sem hann fagnaði stofnun deildarinnar. Þá voru drög að starfsreglum lögð fyrir og hlutu þau miklar og góðar umræður. Nokkrar breytingar voru gerðar og þær síðan samþykktar. Starfsreglurnar hafa einnig verðið lagðar fyrir stjórn Sameykis til samþykktar. Að lokum voru nýjar reglur um orlofsmál lífeyrisdeildarinnar og símenntunarsjóð kynntar. Gagnrýni kom fram á reglur um réttindi lífeyrisdeildar í orlofssjóð og var nýkjörinni stjórn falið að vinna að því máli áfram með stjórn Orlofssjóðs Sameykis.

Í lok fundar kynnti nýkjörinn formaður deildarinnar Ingibjörg Óskarsdóttir gönguklúbbinn Grjótharðir göngugarpur en hægt er að kynna sér hann frekar á facebook síðu undir sama nafni.

Þeir félagar sem áður voru skráðir í lífeyrisdeild SFR eða eftirlaunadeild St.Rv. eru sjálfkrafa orðnir félagar í lífeyrisdeild Sameykis. Nýjum félögum er bent á að skrá sig á [www.sfr.is](http://www.sfr.is) og [www.strv.is](http://www.strv.is) eða hafa samband við skrifstofu.

## Réttur lífeyrisdeildar í Orlofssjóð

Félagsmenn halda punktaeign sinni þegar þeir færast yfir í lífeyrisdeild og geta klárað að nýta punktana sína en ekki er um frekari punktaávinnslu að ræða. Vetrarleiga kostar ekki punkta en sumarleiga kostar punkta.

Félagar hafa rétt á að sækja rafrænt um orlofshús í sumar nema á 7 vikna tímabili sem er frá 21. júní - 9. ágúst 2019. Þær vikur sem ekki leigjast út fara svo í almenna úthlutun sem félagar í lífeyrisdeildinni hafa rétt á að bóka til jafns við aðra. Félagsmenn í lífeyrisdeildinni greiða sömu leigu og aðrir félagar.



Ef í ljós kemur að félagar í Lífeyrisdeild framleigja orlofshús til þriðja aðila munu þeir fá áminningu eins og aðrir félagsmenn Sameykis sem getur leitt til þess að þeir fái ekki að leigja orlofshús. Ætlast er til að félagsmaðurinn sé sjálfur með í för.

Félagar í lífeyrisdeild hafa rétt til þess að nýta sér aðra þá orlofsmöguleika sem Sameyki býður upp á. Þar má nefna gjafabréf í flug, miða á Eddu- og Fosshótel, Veði- og Útilegukort o.fl. sem auglýst er á vefsíðu Sameykis hverju sinni.



## Símenntunarsjóður Lífeyrisdeildar Sameykis

Símenntunarsjóður Lífeyrisdeildar Sameykis er ætlaður þeim sem skráðir eru í Lífeyrisdeild Sameykis þegar námskeið eða nám hefst.

Úthlutað er úr sjóðnum tvisvar á ári, 15. maí og 15. nóvember. Allar umsóknir sem berast fyrir 10. maí og 10. nóvember eru teknar til afgreiðslu.

Sjóðfélagi getur aldrei fengið meira en 32 þúsund kr. yfir almanaksárið. Greiðslur geta þó orðið lægri ef umsóknir eru margar. Ekki er greitt fyrir námskeið meira en ár aftur í tímann.

Greiðslur styrkja fara aðeins fram gegn framvísun kvittana sem senda má á skrifstofu Sameykis, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík og merkja Símenntunarsjóður Lífeyrisdeildar Sameykis eða senda í tölvupósti á [sameyki@sameyki.is](mailto:sameyki@sameyki.is)

Hægt er að fá úthlutað tvisvar á hverju almanaksári en þó einungis einu sinni á hvorri önn (vor / haust).

Allt almennt nám sem styrkir einstaklinga og eflir andann er styrkhæft. Ekki er greitt fyrir kort í líkamsrækt, sund eða sambærilegt.

Stjórn Lífeyrisdeildar Sameykis áskilur sér rétt til breytinga á reglum þessum án fyrirvara.

## Starfsreglur Lífeyrisdeildar Sameykis

### 1. gr.

Rétt til aðildar hefur sá sem lýkur starfsævinni sem Sameykisfélagi (SFR eða St.Rv.) og hefur að minnsta kosti haft samfellda aðild síðastliðin fimm ár áður en hann lauk störfum og fór á lífeyri.

Sá sem óskar eftir aðild að lífeyrisdeild og hefur ekki endað starfsævi sína sem félagi í Sameyki (SFR eða St.Rv.) verður að hafa að lágmarki 10 ára félagsaldur og að hafa verið orðinn 60 ára þegar hann hætti sem félagi. Þetta er til að koma til móts við félagsmenn sem voru í störfum sem t.d. hafa verið lögð niður. Almennt skal miða við að félagsmenn skrái sig í lífeyrisdeildina innan 10 ára frá því þeir fara á lífeyri.

Öryrkjar eiga rétt á að sækja um aðild að lífeyrisdeildinni ef þeir fá örorkulífeyri frá lífeyrissjóði, enda stundi þeir ekki launaða vinnu. Öryrkjar skulu senda inn staðfestingu frá lífeyrissjóði um að þeir fái örorkulífeyri.

Ef upp koma vafaatriði varðandi rétt til aðildar tekur stjórn Sameykis afstöðu til þeirra.

### 2. gr.

Deildin starfar í samræmi við ákvæði félagslaga Sameykis og samkvæmt gildandi starfsreglum. Starf deildarinnar er fjármagnað af félagsjóði Sameykis sem ákveðið er af stjórn Sameykis hverju sinni.

### 3. gr.

Viðfangsefni deildarinnar skulu vera;

- að gæta í hvívetna hagsmuna félagsmanna
- að halda uppi kynningar- og félagsstarfi með deildarfélögum
- að vinna að því að deildarfélögum bjóðist fjölbreytt tækifæri í gegnum símenntun og þátttöku í félagsstarfi
- deildin skuli eiga samstarf við samtök annarra lífeyrishópa

### 4. gr.

a) Stjórn félagsins skipa sjö menn, formaður og átta meðstjórnendur, er skulu kosnir úr hópi fullgildra félagsmanna á aðalfundi til tveggja ára í senn. Formann skal kjósa sérstaklega en sex meðstjórnendur skulu kosnir í einu lagi. Stjórnin kys úr sínum hópi varaformann, ritara og gjaldkera. Á aðalfundi

skal einnig kjósa tvo skoðunarmenn ársreikninga.

- b) Stjórnarmönnum er ekki heimilt að sitja samfellt í stjórn lengur en þrjú kjörtímabil. Ekki má sami maður gegna störfum formanns lengur en þrjú kjörtímabil samfellt. Þótt formaður hafi setið í stjórn félagsins hefur það engin áhrif á þann tíma sem honum er heimilt að gegna formennsku.
- c) Formaður fer með umboð deildarinnar til setu á þeim fundum Sameykis sem ákvæði eru um í félagslögum.

### 5. gr.

Stjórnarfundi skal halda að boði formanns eða samkvæmt ákvörðun stjórnar um reglulega fundardaga. Fundir eru lögmatrif ef minnst 4 mæta til fundar.

Deildarfundi skal boða með auglýsingu í blaði félagsins þegar því verður við komið eða með bréflægi tilkynningu til deildarfélaga. Leitast skal við að ákveða fyrirfram allt funda- og félagsstarf deildarinnar um ákveðið tímabil í senn og tilkynna það í eitt skipti fyrir öll. Bóka skal gerðir allra funda deildarinnar.

### 6. gr.


Á tímabilinu 1. mars til 15. maí skal halda aðalfund deildarinnar og boðað til hans löglega með minnst 3ja vikna fyrirvara. Eftirfarandi eru sérstök verkefni aðalfundar:

1. Stjórn deildarinnar gefur skýrslu um starfsemina á síðastliðnu ári.
2. Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar deildarinnar fyrir síðastliðið ár.
3. Gerð grein fyrir störfum og reikningum símenntunarsjóðs.
4. Tekin ákvörðun um tillögur til breytinga á starfsreglum deildarinnar.
5. Kosning stjórnar:
  - a. Kosning formanns.
  - b. Kosning sex meðstjórnenda.
6. Kosnir tveir skoðunarmenn félagsreikninga.
7. Önnur mál.

### 7. gr.

Starfsreglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og þarf 2/3 greiddra atkvæða til þess að breyting öðlist gildi sem og samþykki stjórnar Sameykis.

MYND: JAN W. FIEGEN (CC-BY-SA 3.0)



HÖFUNDUR: RH - KROSSGATUR.GATUR.NET

					RAFMAGN	ÖÐRUVÍSI	SKURD- BRÚN	E	ÍDRÓTT ÖRKOMA	P	ANGAR	SKAP- RAUNA YNDI	A									
					EDLIS- LÆGUR			R	Ó	T	G	R	Ó	I	N	N						
					MÁL			T	A	L	SKVISA PLATA	G	E	L	L	A	G					
					FLOTT			F	Í	N	TANN- STRÆÐI GORTA	G	Ó	M	U	R						
					ÁVÖXTUR			A	K	A	R	N	SÓÐA MJÖBUR	A	T	A						
					LAND			A	F	T	R	A	FUGL AD- RAKSTUR	Ö	R	N	RUSL					
					OFNEYSLA ANA	HINDRA MANN- PYRÞING		A	F	T	R	A										
					AFSLÁTTUR			A	F	F	Ö	L	L	SKRAN DUNDA	R	U	S	L	ELDSNEYTI	LÍKA	D	
					RÝMI			P	L	Á	S	S	GÖNA	G	A	P	A	SÆBUR	M	O	R	
					ÖRGANGUR			H	R	A	T	VÆTLA LEYSIR	Í	L	A	VILLAST ULLAR- FLOKI	A	F	V	E	G	A
					KLAKI			Í	S	SKERUR	E	R	J	U	R	VEIÐAR- FÆRI	N	E	T	KER	S	
					TÍUND			S	K	A	T	T	ÖVILJUGUR GILDRA	Ó	F	Ú	S	DJAMM FURBA	R	A	L	L
								Ó	VÆTLA LJÚKA	V	E	S	S	A	ÞEKKA GELDING	K	U	N	N	A	PANGAÐ TIL	
					NAFNGIFT			S	K	Í	R	N	DRYKKUR	V	I	N	D	TVEIR EINS ÖLJÓS	U	U		
					STJÖRN			V	A	L	D	BARDAGI FJALL	A	T	L	Ö	N	D	SKELFING FLUÐI	Ó	G	N
								Á	G	R	E	I	N	PAKBRÚN	U	F	S	HÁSPIL	S			
					REKTA			Y	R	K	J	A	Í RÖÐ	T	U	ASTUNDUN STEIN- TEGUND	R	Æ	K	T	ÚTMÁ	
					HLÍFA			S	P	A	R	A	PVAÐUR	B	U	N	A	MINNKA JAFNVEL	R	Ý	R	A
								P	FÖRNAR- GJÖF Á FÆTI	O	F	F	UR	BEÐKLOFI Í RÖÐ	G	E	Ð	R	O	F		
					NAFNÓT			T	I	T	I	L	L	STEIN- TEGUND	J	A	Ð	I	TALA	M	M	
					MASA			M	A	L	A	SAM- PYKKJA	Á	L	Y	K	T	A	FORSÖGN	S	P	Á

Lausnarorðið var SUMAR

Vinningshafi krossgátunnar

Þorbjörg Aðalsteinsdóttir er vinningshafi krossgátunnar að þessu sinni. Þorbjörg starfar á Landspítalanum sem sérhæfður aðstoðarmaður sjúkra-þjálfara og hefur starfað þar síðan 1992. Hún segist yfirléitt gera krossgátunnar en sendir þær ekkert alltaf. Þegar blaðamaður hringdi sat hún einmitt við að leysa krossgátu Morgunblaðsins og hafði nýlokið við krossgátu Orlofsblaðsins.

Létt

7			5	3		1	
3	9					8	6
	6		8	1			2
6				5		8	
1			2	3			
	2					4	1
		4	5	6		9	
		7		2	8		
8	3		9	4	5		

Miðlungs

		2				5		9
						9		3
		9					6	7
1		8	5	9	2			
	4		6					8
				7	8	6		
	2	3	7			9		5
							1	
8						5		

Erfiðari

3				2		4	
	4		6	5			
7			9	4		5	
9		2		1		8	
			5				
	5	8			9		3
						2	
	2			6		4	7





**SAMEYKI**  
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAPJÓNUSTU

# Veist þú alltaf hvað klukkan slær í vinnunni?



**Kosning  
trúnaðarmanna  
Sameykis fer fram  
29. apríl – 31. maí**

Hlutverk trúnaðarmanns á vinnustað er margþætt og í því felast bæði tækifæri og áskoranir. Trúnaðarmaður er valinn af vinnufélögum sínum og er ómissandi í skilvirku gangverki vinnustaðarins. Nánari upplýsingar hjá [kristin@sameyki.is](mailto:kristin@sameyki.is).  
**Komdu í hóp öflugra trúnaðarmanna.**